

Ed.

433. Nefndarálit

[144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft þetta mál til athugunar og afgreiðslu, en það fjallar um framlengingu á álagningu sjúkratryggingagjalds.

Undirritaðir nefndarmenn benda á að skv. fjárlögum er skattvísitala ákveðin 150 miðað við 100 í fyrra. Þegar fjárlög voru til afgreiðslu var búist við 50% tekjuhækkun milli árána 1980 og 1981, skattvísitalan ákveðin í samræmi við það og áætlun sjúkratryggingagjalds, tekju- og eignarskatts einnig. Nú benda líkur til þess að mati Þjóðhagsstofnunar, að tekjubreytingin verði a. m. k. 52—53% og verður því álagning þessara skatta mun þyngrri en fjárlög gera ráð fyrir. Mjög varlega áætlað verður álagning tekju- og eignarskatta og sjúkratryggingagjalds 50—55 millj. kr. meiri en áætlað er í fjárlögum, sem jafngildir á innheimtu-grunni a. m. k. 45—50 millj. kr.

Önnur frv., sem fram hafa komið um skattabreytingar og ýmist eru afgreidd eða í meðförum þingsins, hafa einnig í för með sér verulega skattahækkun frá áætlun fjárlaga ofan á allar þær gífurlegu skattahækkningar undangenginna ára sem gerð er nákvæm grein fyrir í nefndaráli sílfstæðismanna við fjárlagaafgreiðslu. Þær nema að raungildi frá því 1978 20 þúsund nýkróna (2 millj. gkr.) á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Mikið veður hefur verið gert út af skattalækkunum, lækkun launaskatts, stimpilgjalds og tollalækkunum í umræðum um svonefndar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á Alþingi undanfarið. Þegar framangreindar skattahækkningar umfram fjárlög vegna ákvörðunar skattvísitölu eru hafðar í huga og aðrar skattabreytingar skv. frumvörpum, sem fram eru komin, kemur í ljós að skattahækkun alls umfram fjárlög verður yfir 100 millj. kr., sbr. eftirfarandi yfirlit:

	Hækkun m. kr.	Lækkun m. kr.
1. Hækkun tekju- og eignarskatts og sjúkratryggingagjalds	45	
2. Tollafgreiðslugjald	54	
3. Söluskattur á gjaldið	19	
4. Gjald á sælgæti og kex	8	
5. Skattur á banka og sparisjóði	50	
6. Lækkun launaskatts		30
7. Stimpilgjöld, lækkun		20
8. Tollalækkun		22
		<hr/>
Samt.	176	72
Hækkun skatta		104
		<hr/>
	176	176

Undirritaðir nefndarmenn eru algerlega andvígir þessum skattahækkunum og allri stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem gengur þvert á allar yfirlýsingar Sjálfstæðisflokksins í þeim efnum. Við leggjum því til að þetta frv. verði fellt.

Alþingi, 9. febr. 1982.

Lárus Jónsson,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.